

Ed.

521. Breytingartillögur

[209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB).

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (3. gr.) Aftan við 17. gr. laganna bætist nýr stafliður:
 - d. Bankar, sbr. 18. gr. d.
 - b. (4. gr.) Aftan við 18. gr. laganna bætist nýr stafliður:
 - d. Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá ársbyrjun 1964 greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, sbr. 12. gr. laga nr. 4/1960. Frá sama tíma hættir gjald þetta að renna í ríkissjóð.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

45. gr. laganna orðist svo:

Í sveitarfélögum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, er sveitarstjórn (í bæjum framtalsnefnd) heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá sveitarfélagsins til afnota við álagninguna. Sveitarstjórn (eða framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið fyrir 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagninguna ákvæði laga þessara.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

65. gr. laganna fellur niður.